**Arna Björg Bjarnadóttir, sagnfræðingur, menningarmiðlari og frumkvöðull.**

## Menntun

- Háskóli Íslands 2009-2013. MA-nám í hagnýtri menningarmiðlun innan sagnfræðiskorar. Ágætiseinkunn.
- Háskóli Íslands 1998-2002. Útskrifaðist sem sagnfræðingur vorið 2002. Tók atvinnulífsfræði innan stjórnmálafræðiskorar til 30 eininga (aukagrein). Þar lagði ég áherslu á starfsmannastjórnun, stjórnun fyrirtækja, opinbera stjórnsýslu og vinnumarkaðinn. Fyrsta einkunn.
- Aesthetic Salon and School, Vienna, Virgina, USA 1996-1997. Lauk þaðan diplomaprófi í snyrtifræði.
- Menntaskólinn á Akureyri 1992-1996. Stúdent af félagsfræðibraut.

## Starfsreynsla

- 2020-2024. Sjálfstætt starfandi ráðgjafi og hugmyndahönnuður á sviði nýsköpunar, uppbyggingar áfangastaða og byggðaþróunar. Auk fastráðningar í rúmlega eitt ár í 50% starf hjá SSNE í verkefnum *Brothættra byggða.*
- 2011-2020 Framkvæmdastjóri, frumkvöðull og meðeigandi að Óbyggðasetri Íslands. Margverðlaunað verkefni/fyrirtæki, wilderness.is.
- 2006 – 2011. Forstöðumaður Söguseturs íslenska hestsins ses, alþjóðlegrar miðstöðvar þekkingar og fræðslu um íslenska hestinn, að Hólum í Hjaltadal. Uppbygging starfseminnar, fastrar sýningar og fjölmargra sérsýninga.
- 2002 – 2006. Alþjóðafulltrúi hjá Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands. Meðal annars landstengiliður fyrir Íslands hönd á sviði erfðafræði- og líftækni, efnis-, framleiðslu- og örtækni og hnattrænna breytinga í 6. rannsóknaáætlun Evrópusambandsins. Einnig fulltrúi Íslands í starfshópi IGFA, alþjóðlegri nefnd um hnattrænar breytingar, auk þátttöku í evrópskum samstarfsverkefnum. Umsjón með Jules Verne sjóðnum og Undirbúningsstyrkjum Rannís.
- Veturinn 2001-2002. Sérverkefni fyrir *Landsvirkjun*. Ritaði sögu virkjunarsamfélagsins við Sog.
- Sumarið 2001 og 2002. Landvörður á Þingvöllum. Skipulagði og sá að hluta um leiðsögn á svæðinu.
- Sumarið 2000. Verktaki við torf- og grjóthleðslu. Flest verkefnin voru við endurgerð húsa um allt land sem eru í eigu eða umsjá *Þjóðminjasafns Íslands.*
- Sumarið 1999. Rannsóknir á torfhleðslugerðum í Skagafirði (vettvangskönnun). Unnið fyrir *Byggðasafn Skagfirðinga*. Skýrsluna er að finna á Þjóðminjasafni Íslands. Leysti einnig safnstjóra Byggðasafnsins af.
- Vor 1999. Skipulagði hvernig koma mætti á samskiptum milli færeyskra og skagfirskra skólabarna. Verkefnið var unnið fyrir S*veitarfélagið Skagafjörð.*
- Vorönn 1999. Vann ásamt 5 öðrum HÍ-nemum að hugmyndavinnu og uppsetningu tölvuleiks fyrir hugbúnaðarfyrirtækið *OZ.*
- Sumarið 1997 og 1998. Leiðsögumaður í *Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ.*
- Vor 1996 - vor 1997. Au Pair í Virginíu í Bandaríkjunum.

## Ýmis sérverkefni

- Verkefnisstjóri og hugmyndasmiður í eftirfarandi verkefnum; *Hönnun áfangastaðarins Hóla í Hjaltadal* (2023), tillaga og útfærsla á uppbyggingu *Nýtingarmiðstöðvar á Vopnafirði* (2023), *Matarleikhús* (2018), *Hestaleikhús Íslands* og uppsetning sýninga (2008-2009), umsjónarmaður og kynnir í 5 sjónarvarpsþáttum, *Dansað á fákspori* sem sýndir voru í Ríkissjónvarpinu (2010). Ráðinn framkvæmdastjóri *Tekið til kostanna, alþjóðlegra hestadaga í Skagafirði (2008)*, framkvæmdastjóri *Íslenska hestatorgsins*, markaðsátak til kynningar íslenska hestinum (2006). Auk þess þáttakandi í verkefnum, s.s. í sjónvarpi og á sviði ferðaþjónustu, markaðssetningar og skapandi hugsunar.

### Önnur störf

- Almenn landbúnaðarstörf, afgreiðsla á veitingastað. Með námi vann ég við skúringar, símasölu og torfhleðslu.

### Félagsstörf og stjórnir

- Formaður Samfélagsnefndar Fljótsdalshrepps frá 2018 – meðal verkefna var að koma á nýsköpunarsjóði og önnur efling samfélagsins. Situr í sjóðsstjórn og úthlutnarnefnd sjóðsins. Frá 2018 fyrsti varamaður í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps. Frá 2018 í stjórn Félags Ferðaþjónustu bænda. 2015-2019 í stjórn Landbúnaðarsafns Íslands – tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Þátttaka í margskonar félagsmálum, s.s. í stjórn Vaxtasamnings Norðurlands vestra fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð frá 2008 – mat og úthlutun styrkja, í stjórn samtaka um hestatengda ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, formaður foreldrafélags Brúsabæjar, leikskólans að Hólum í Hjaltadal frá 2008, formaður sóknarnefndar Viðvíkurkirkju frá 2007.
- Formaður Félags sagnfræðinema, H.Í. 1999-2000. Setið í stjórn hestamannafélagsins Svaða í Skagafirði. Setið í undirbúningnefnd fyrir ýmis hestamannamót stærri og minni. Gjaldkeri og síðar formaður, Hestma - félags hestamanna í M.A. 1994-1996.

## Áhugamál

- Hestamennska og hestaferðir á hálendi Íslands, hrossarækt, hjólreiðar, útivist, nýsköpun, sjálfbærni og áhugavert fólk.